

Símafundur stjórnar samtakanna Landsbyggðin lifi haldinn 11. apríl 2024 kl. 20:30 í gegnum Fésbók

Mættir: Hildur Þórðardóttir (með frá Portúgal), Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Helga Guðný Kristjánsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Vigfús Ingvar Ingvarsson – Þórarinn Lárússon var einnig á línunni framan af fundinum.

Stefanía stjórnar fundi. **Samstarfsverkefnið með Finnlandi og Svíþjóð:** Fundur á morgun með Lettlandi sem hefur áhuga á að vera með í verkefninu. Finna þarf sveitarfélag t.d. Múlþing til að taka þátt. Kannski hafa nokkur sveitarfélög/bæi með í þessu. Helga nefnir Ísafjörð sem mögulegan samstarfsaðila. Stefnum á að kynna þetta á Ísafirði og Egilsstöðum og væntanlega víðar. Stefanía talaði við Rannís og verið er að huga að styrkjamöguleikum. Innanlands verðum við að byggja mikið á okkar fjármagni en leitum leiða til að fá stuðning.

Sigríður talaði sl. sumar á Fundi fólksins við Jóhann Pál Jóhannsson þingmann. Hann bauð aðstoð við að finna styrk. Sigríður til í að tala við hann aftur.

Hvað eiga sveitarfélögin að græða á þessu? Þau þurfa aðallega að bjóða aðstöðu/húsnæði, mæta á fundi, bjóða kaffi. Þurfum að fá skýrari upplýsingar erlendis frá. Ekki liggur mjög á með þetta verkefni. Kynningarefni ekki komið. Gæti verið góð kynning fyrir okkur. Snýst um að finna hvað þarf til að fólk vilji setjast að. Reytt er að virkja íbúa í umræðunni.

Þórarinn var spurður um nýju lögin um landbúnaðarmálin. Við þurfum að geta staðist samkeppni frá erlendum landbúnaðarvörum. Benti á góða grein í Bændablaðinu í dag eftir nýjan formann bændasamtakanna. Lögin eiga að koma bændum og neytendum til góða. Þjóðaröryggismál.

Helga segir að Evrópureglur í landbúnaði séu strangari hér en erlendis og stundum algerlega úr takti við aðstæður. Erfitt er að treysta á erlendan matvælainnflutning. Nokkrir tugir búfjárjúkdóma hérlendis en hundruð erlendis, segir Helga.

Erfitt að fá Íslendinga í vinnu í sláturhús og fiskvinnslu – e.t.v. m.a. vegna lengingar skólans. Mikill fjöldi af ungu fólki er hvorki í skóla né vinnu. Hvar gefst þetta fólk upp? Seigluna vantar. Við fylgjumst með áfram með þeim málum sem eru í vinnslu hjá okkur.

Fiðrildaverkefnið: Við erum að vinna að kynningarefni sem er að koma vikulega inn á fésbók – ættum að líta á þetta. Erum 7 að fara til Frakklands á sunnudaginn – vitum meira eftir að við komum þaðan.

Sænska dreifbýlisþingið í maí: Stefanía segist búin að skrá þær Guðrúnu á sænska þingið. Aðalfundur **Euroreso:** Hann verður 22. maí. Stefanía og Hildur fara á þennan fund í Belgrad. Er eitthvað sérstakt sem við ættum að horfa eftir? Hildur, hvað með eitthvað skylt Finnska verkefninu. Stefanía: Hvað með eitthvað tengt vistvænni framleiðslu og sjálfbærni? Dálítið var rætt um sjálfbærni. Á Ísafirði er Hildur Dagbjört með það sem heitir Gróandi – gott dæmi um sjálfbærni.

Frétt í dag um að Múlalundur verði ekki lagður niður en endurskipulagður. Afar mikilvægur vinnustaður. Við ættum að kaupa það sem við getum af framleiðslu Múlalundar.

Fleira ekki rætt. Fund slitið kl. 21:30. Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði